

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjanda dómi skal óraskað. Áfrýjendurnir Helgi Zoëga, Helgi Helgason og Hannes Hafliðason fyrir hönd h/f. Borg greiði stefnda Reinholdt Andersson 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 8. aprilmánaðar 1918.

Nr. 94/1917.

Borgarstjóri Reykjavíkur  
fyrir hönd bæjarstjórnar  
Reykjavíkur  
gegn

Þórði Sveinssyni fyrir hönd  
geðveikrahælisins á Kleppi.

D ó m u r :

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur uppkveðnum 26. apríl f. á. var Knud Zimsen borgarstjóri í Reykjavík fyrir hönd bæjarstjórnarinnar þar dæmdur til að greiða Þórði lækni Sveinssyni fyrir hönd geðveikrahælisins á Kleppi meðlag með sjúklingnum Jóhannesi Erlendssyni á geðveikrahælinu kr. 271,00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, en

málskostnaður var látinn falla niður. Hinum skipaða málflytningum stefnda fyrir bæjarþinginu voru dæmd málflytningulaun úr landsjóði. 35 kr.

Nefndur borgarstjóri hefir fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur skotið þessum dómi til yfirdómsins með stefnu dags. 15. nóv. f. á. og krafist þess, að dómnum verði breytt þannig, að hann verði fyrir hönd bæjarstjórnarinnar sýknaður af kærum og kröfum geðveikrahælisins og stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Stefndi Þórður Sveinsson hefir fyrir hönd geðveikrahælisins fengið gjafvörn í málinu og skipaðan málfærslumann, er hefir krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaðar eins og málið væri eigi gjafvarnarmál svo og hæfilegra málfærslulauna sér til handa eftir mati réttarins.

Umgetinn sjúklingur Jóhannes Erlindsson kom til Reykjavíkur austan úr Rangárvallasýslu í öndverðum maímánuði 1912, og var þá sagður heill heilsu, en veiktist skömmu síðar, og lá veikur í heimahúsum og á Landakotsspítala þangað til 22. ág., er honum var komið fyrir á geðveikrahælinu á Kleppi; virðist það hafa verið gert að ráðstöfun mágs hans, Eiríks prests Stefánssonar á Torfastöðum, er greiddi meðlag með honum til ársleka 1912. En með bréfi dags. 18. des. s. á. tilkynti presturinn borgarstjóra Reykjavíkur, að hann sæi sér eigi fært að gefa lengur með sjúklingnum, og beiddi hann að annast um að framfærsluhreppur Jóhannesar, Sveinstaðahreppur í Húnavatnssýslu, greiddi meðgjöfina með honum framvegis. Borgarstjóri lét þó málið af-

skiftalaust. En með bréfi dags. 22. okt. 1914 til borgarstjóra krafðist stefndi greiðslu úr bæjarsjóði Reykjavíkur á fullri meðgjöf með sjúklingnum frá 1. jan. 1913 til 26. júní 1914, kr. 271,00. Í stefnu og sáttakæru er meðgjafartíminn talinn til 7. júní og í málshöfðunarumboði geðveikrahælisstjórnarinnar til stefnda til 24. júní, en þetta ósamræmi verður að liggja milli hluta, með því að eigi er ágreiningur um meðgjafarupphæðina. Í bréfinu getur stefndi þess, að hann hafi eigi getað fengið aðstoð borgarstjóra í þessu máli og því aflað sér sjálfur allra upplýsinga í málinu, átt símtal um það við hreppsnefnd Sveinstaðahrepps og hafi sá árangur orðið af því, að hreppsnefndin hafi í bréfi til stefnda 6. júní 1914 viðurkennt Jóhannes sveitlægan þar í hreppi og tekið að sér að gefa með honum frá 27. júní s. á., en lýst því jafnframt yfir, að hún byggist við að bæjarsjóður Reykjavíkur mundi greiða eða verða úrskurðaður til að greiða áður áfallinn kostnað. Spurningin um skyldu bæjarsjóðs í þessu efni hefir verið skotið til stjórnarráðsins og úrskurður þess gengið á þá leið, að málið eigi að sæta úrlausn dómstólanna.

Stefndi hefir bygt kröfu sína á því, að það hafi verið skýlaus skylda borgarstjóra, þegar hann meðtók bréf séra Eiríks Stefánssonar frá 18. des. 1912 að skerast í málið og taka að sér fyrir hönd bæjarsjóðs Reykjavíkur framfæri sjúklingsins, og að geðveikrahælið hafi samkvæmt fátækralöggjöfinni átt beinan aðgang að dvalarsveitinni, Reykjavíkurkaupstað, um meðgjöfina gegn endurgjaldi frá framfærslusveitinni.

Eftir því sem málfærslunni er hagað verður að líta svo á, að borgarstjóri hafi tekið ádurnefnt bréf séra Eiríks Stefánssonar í sambandi við munnlegar málaleitanir forstöðumanns geðveikrahælisins, sem nægilega kröfu um að hann fyrir hönd bæjarins tæki að sér framfæri sjúklingsins frá 1. jan. 1913, enda hefir áfrýjandi ekki bygt sýknukröfu sína á því, að hann hafi ekki í tæka tíð fengið kröfu frá stefnda um ráðstöfun á sjúklingsnum eða greiðslu á meðgjöfinni með honum, heldur byggir hann sýknukröfu sína eingöngu á því, að Reykjavík geti ekki talist *dvalarsveit* Jóhannesar, með því að hann hafi komið til bæjarins ekki til að leita sér atvinnu, heldur til að leita sér lækninga, en þótt Jóhannes hefði komið hingað til að leita sér atvinnu og Reykjavíkurbæ af þeirri ástæðu beri að skoða sem *dvalarsveit* hans, þá verði að líta svo á, að dvöl Jóhannesar hér í bænum hafi mist þann eiginleika um leið og venslamenn hans með sérstökum samningi komu honum til dvalar á Kleppspítala.

Það virðist nú ekki máli skifta hvort umræddur sjúklingur hafi verið heilbrigður eða sjúkur, er hann kom hingað til bæjarins í maí 1912, eða hvort hann hafi komið hingað til að leita sér atvinnu eða lækninga, með því að *dvalarsveit* þurfamanns í 63. gr. fátækralaganna nr. 44, 10. nóvember 1905, sbr. lög nr. 33, 20. okt. 1913 verður að teljast hver sú sveit, þar sem þurfamaðurinn dvelur er hann verður fátækrastryrks þurfi. Það verður því að telja það vafalaust að Reykjavíkurbær hefði verið skyldur til þess samkvæmt nefndri grein fátækralaganna að annast framfærslu Jóhannesar Erlindssonar, ef hann þá þeg-

ar hefði leitað fátækra styrks hjá bænum, en hins vegar verður það ekki séð, að það breyti nokkru í þessu efni, að venslamenn hans kostuðu hann fyrst á Landakotsspítala og síðan á geðveikrahælinu á Kleppi til ársloka 1912, því að þetta getur ekki breytt afstöðu eða skyldum dvalarsveitur til þurfa-mannsins eða afstöðu framfærslusveitar til dvalar-sveitar, og þó að geðveikrahælið taki við sjúkling með styrk venslamanna hans, verður ekki álitid að hælið hafi þar með skuldbundið sig til að leysa dval-arsveit undan lögboðinni framfærsluskyldu sjúklings-ins, ef til kemur.

Það verður því að álita, að geðveikrahælið hafi samkæmt 63. gr. fátækralaganna og lögum nr. 33 1913, átt aðgang Reykjavíkurkaupstað um meðgjöfina með umræddum sjúkling gegn endurgjaldi frá fram-færslusveit hans, og verður því að fallast á það, að áfrýjandi fyrir hönd bæjarsjórnarinnar hefir með hinum áfrýjanda dómi verið dæmdur til að greiða hina umkröfðu meðlagsupphæð 271 kr. með vöxtum eins og segir í dómnum, og þar sem einnig má fall-ast á ákvæði dómsins um málskostnað ber að stað-festa hann í öllum greinum.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða hinum skipaða málflytningismanni stefnda fyrir yfir-dóminum málflytningislaun hans, og akveðast þau 25 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Það vottast að vörn í málinu af hendi talsmanns stefnda hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi borgarstjóri Reykjavíkur fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur greiði málflutningsmanni stefnda, Þórðar læknis Sveinsonar fyrir hönd geðveikrahælisins á Kleppi, Eiríki yfirréttarmálaflutningsmanni Einarssyni, málflutningslaun fyrir yfirdómi 25 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lög birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 8. apríl 1918.

Nr. 99/1917.

Valdemar Thorarensen  
 gegn  
 Birni Líndal.

D ó m u r:

Mál þetta var í héraði höfðað af áfrýjanda Valdemar Thorarensen málaflutningsmanni á Akureyri fyrir aukarétti Akureyrarkaupstaðar gegn stefnda Birni Líndal yfirréttarmálaflutningsmanni sama staðar, og lauk því máli svo með dómi nefnds réttar uppkveðnum 19. júlí 1915 að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda.